

**Nd.**

**108. Frumvarp**

til laga um gerðardóm i kaupgjaldsprætum.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Þá er vinnusali og vinnuþegi geta eigi orðið ásáttir um verð vinnunnar, þá skal, svo með fara sem segir i lögum þessum.

2. gr.

Vinnusalar i hverri grein eður allra vinnugreina i sameiningu skulu hafa fimm manna nefnd, kosna til eins árs i senn, til þess að semja um vinnuverð eða kaup fyrir sína hönd, þá er eigi semst meðal einstaklinga. Með sama hætti skulu og vinnuþegar i hverri grein eður allra vinnugreina i sameiningu hafa fimm manna nefnd, kosna til eins árs, til þess að semja fyrir sína hönd um vinnuverð eða kaupgjald, þegar eigi semst meðal einstaklinga.

### 3. gr.

Nú semst eigi milli nefnda þeirra, er getur í 2. gr., og skal þá leita milligöngu hins opinbera, ráðherranna, ef til næst, eða dómara þess eða þeirra, sem næstir eru.

### 4. gr.

Náist eigi sættir með þeim hætti, er segir í 2. og 3. gr., skulu málin koma í gerðardóm, svo skipaðan sem hjer segir.

### 5. gr.

Gerðardómur í kaupgjaldsprættum skal vera svo skipaður, að vinnusali nefnir tvo menn í dóminn og vinnuþegi tvo. Því næst ryður vinnusali öðrum manni vinnuþega úr dómnum og vinnuþegi öðrum manni vinnusala slikt hið sama, og er þá í dómi sinn maður frá hvorum aðilja. Þá nefnir atvinnumálaráðherra oddamann í dóminn. Þetta er hið fyrsta dómstig og dæma þessir þrir menn.

Nú vilja aðiljar, annar eða báðir, eigi hlita dómnum, og skal þá skotið málinu til annars dómstigs. Þá skal dómur svo skipaður, að hvor aðili nefnir fjóra menn í dóm og hvor aðili ryður tveim mönnum hins aðiljans úr dómnum, en dómsmálaráðherra nefnir oddamann, og dæma nú fimm menn.

Nú vilja aðiljar eigi ennþá hlita dómnum, og skal málinu þá stefnt til efsta dómstigs. Þá skal gerðardómur vera svo skipaður, að hæstirjettur velur einn úr sínum hópi til oddamanns í gerðardómnum, en aðiljar nefna hvor um sig átta menn í dóminn. Því næst ryður hvor aðili fjórum af mönnum andstæðingsins úr dómnum, og eru þá eftir átta auk oddamanns, en sjö menn skulu dæma. Fyrir því skal nú hæstirjettur ryðja einum manni hvors aðilja úr dómnum. Dómur þessara sjö manna er úrslitadómur, og verða aðiljar að hlita honum. Tregðist menn við að hlita dómnum, skal hver einstakur maður er það gerir, gjalda fimm króna dagsektir þar til er hann hlýðir.

### Greinargerð.

Af því að verkbönn og verkföll eru svo skadleg þjóðinni og kostnaðaröm, þykir hlýða að skipa þeim málum með lögum.